Bláa Lónið





Byggingin við Bláa Lónið er fyrsti áfangi mannvirkis sem hýsir heilsu- og ferðaþjónustu við lónið.

Húsið er að hluta til á tveimur hæðum, auk lagnakjallara. Við hönnun þess var lögð megin áhersla á samspil nútímatækni og einstæðrar náttúru en byggingin er lögð í hraunjaðar Illahrauns.

Frá bifreiðastæði gesta að aðalinngangi hússins er gengið u.þ.b. tvöhundruð metra í hraungjá. Við tekur manngerður hraunveggur sem er leiðandi í gegnum forsal og veitingaraðstöðu, út á verönd við sjálft baðlónið og tengir húsið ósnortinni hraunbrún sem umlykur baðlónið.

Úr forsal er gengið í búnings- og baðaðstöðu, veitinga- og ráðstefnusal og ferðamannaverslun. Í gegnum glervegg forsalar- og veitingaaðstöðu blasir við útsýni yfir baðsvæði

Verkkaupi
Eldvörp
Upphaf framkvæmda
Júlí 1998
Loftræsikerfi
Varmaverk
Lagnahönnun
Hönnun
Eftirlit
Verkfræðistofa Suðurnesja

Arkitektar
VA arkitektar
Lok framkvæmda
Júlí 1999
Burðarþolshönnun
Hönnun
Raflagnahönnun
Rafteikning

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is